

Kjósarhreppur

b.t. Jóns Eiríks Guðmundssonar, skipulags- og byggingarfulltrúa, [jon@kjos.is](mailto:jon@kjos.is)

28. nóvember 2017

## Athugasemdir við drög að tillögu að nýju aðalskipulagi Kjósarhrepps 2016-2028

Vísað er til auglýsingar á vef Kjósarhrepps, dags. 2. nóvember sl. (<http://www.kjos.is/allar-frettir/nr/205023/>), þar sem óskað er eftir athugasemdum við aðalskipulagstillögu. Auglýsingin var að mati Landverndar ekki skýr um það hvaða ferli um væri að ræða. Ekki varð séð að um samþykktu tillögu væri að ræða og auglýsingu hennar skv. skipulagslögum nr. 123/2010. Samkvæmt samtali starfsmanns Landverndar við skrifstofu Kjósarhrepps sl. föstudag er ekki um að ræða formlegt umsagnaferli skv. skipulagslögum. Fagnar Landvernd því að hægt sé að koma á framfæri athugasemdum á fyrri stigum, en beinir því til sveitarfélagsins að útskýra ferlið um leið og auglýst er eftir athugasemdum, svo það valdi síður misskilningi.

### Efni athugasemda

Á þessu stigi máls er í athugasemdum Landverndar eingöngu horft til svæða á náttúruminjaskrá sem eru innan skipulagssvæðis Kjósarhrepps og fyrst og fremst út frá efnistöku.

Þessi svæði eru fjögur: (i) Laxárvogur og Laxá í Kjós (134), (ii) Þórufoss (135), (iii) Ósmelar og Hvalfjarðareyri (138) og (iv) að hluta til svæðið: Brynjudalur, Botnsdalur, Hvalvatn, Glymur (201). Þessi svæði njóta ákveðinnar sérstöðu þar sem til stendur að friðlýsa þau skv. náttúruverndarlögum nr. 60/2013 vegna náttúrufars. Þá bendir Landvernd á að skv. 3. mgr. 37. gr. síðastgreindu laga ber Kjósarhreppi að forðast að raska slíkum svæðum eða náttúrumyndunum nema almannahagsmunir krefjist þess og annarra kosta hafi verið leitað. Einnig er skylt að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki, vegna framkvæmda sem hafa í för með sér slíka röskun.

Stór hluti Kjósahrepps er á náttúruminjaskrá og mikill fjölbreytileiki í náttúrufari einkennir svæðið, bæði hvað varðar dýralíf, gróður og jarðmyndanir. Þar eru að finna einstök náttúruleg strandsvæði. Skipulagssvæðið hefur því hátt fræðslu- og útivistargildi.

### Efnistökusvæði

Hvalfjörður er auðugur af lausum jarðlögum, bæði á landi og í sjó, sem mynduðust í tengslum við hörfun ísaldarjökulsins af svæðinu fyrir um 12.000 árum. Eftir ísöld hafa virk ferli s.s. sjór og árfarvegir tekið við landmótun svæðisins. Laus jarðlög eru mikilvæg byggingarefni í hverskonar framkvæmdir og aðgengi að þeim er yfirleitt gott. Hins vegar þarf að hafa í huga að þessar jarðmyndanir bera vitnisburð um ákveðið tímabil í jarðsögu Íslands og því er nauðsynlegt að skrásetja og vernda mikilvæga staði. Til þess þarf að vera til staðar heildaryfirlit yfir jarðfræði svæðisins til að forðast rask á merkjum jarðminjum með t.d. efnistöku.

Í tillögum að aðalskipulagi, kafla 2.3.10, er fjallað um efnistökusvæði og þar er sett fram stefna sveitarfélagsins um að efnistaka fari að jafnaði ekki fram á svæðum sem hafa sérstakt verndargildi,

en jafnframt skal stuðla að nægu framboði efnistökusvæða (bls. 24). Í framhaldi eru skilgreindir 38 efnistökuastaðir (tafla á bls 25-26) sem flestir eru í lausum jarðlögum. **Þar af eru 25 efnistökuastaðir innan svæða sem eru á náttúruminjaskrá og eru flestir þeirra (samtals 22 staðir) innan náttúruminjasvæðisins Laxárvogur og Laxá í Kjós.** Innan svæða sem eru á náttúruminjaskrá er gert ráð fyrir efnistöku á samtals 29 ha svæði og áætluð efnistaka er allt að 720.000 m<sup>3</sup>. Þetta er gríðarlegt magn og stórt landsvæði.

Landvernd telur einboðið að áhrif þessarar efnistöku á umhverfið yrðu metin, yrði hún heimiluð, sbr. ákvæði laga nr. nr. 106/2000, og beinir því til Kjósarhrepps að setja skilyrði um slíkt í aðalskipulag.

Landvernd gerir athugasemdir við tillögu að stefnu sveitarfélagsins um efnistökusvæði þar sem ósamræmis gætir um efnistöku innan svæða á náttúruminjaskrá sem hafa sérstakt verndargildi. Gert er ráð fyrir að flestir efnistökuastaðirnir hafi áður verið nýttir, en ekki er gerð grein fyrir mögulegum nýjum efnistökuöðum. Ekki kemur fram hvort gerðar hafa verið rannsóknir eða kortlagning á útbreiðslu eða gerð lausra jarðlaga innan svæðisins, eða hvort áætlað efnismagn á hverjum efnistökuastað hafi verið kannað eða metið. Þetta hlýtur samt að vera forsenda fyrir því að hægt sé að framfylgja stefnu sveitarfélagsins um að stuðla að nægu framboði efnistökusvæða.

Þá er gerð athugasemd við eftirfarandi framsetningu á bls. 24 þar sem segir: „...Gert er ráð fyrir ríflegum svæðum fyrir efnistöku til þess að hægt sé að nýta þá tegund efnis sem best hentar hverju sinni og til að draga úr því að aka þurfi langar leiðir með efni.“ Rask á náttúruminum á ekki að mati Landverndar að ráðast af vegalengd efnisflutninga á óþekktan stað í framtíðinni.

Eins er gerð athugasemd við ábendingu sem kemur fram á bls. 26: „Hafa ber í huga að efnistaka úr ám er að mestu leyti sjálfbær þar sem ár bera fram efni.“ Sjálfbærni ræðst af því efnismagni sem tekið er úr farvegi áa hverju sinni og hversu fljótt þær geta endurnýjað það magn án þess að aðrar jarðmyndanir svæðisins eða lífríki hljóti skaða af. Þekkt er að ár geta breytt farvegi sínum umtalsvert þegar malarnám á sér stað í þeim. Mikilvægt er að leita ráðgjafar Hafrannsóknastofnunarinnar við efnistöku í ám, ekki síst ef þær eru á náttúruminjaskrá.

## Strandsvæði

Í kafla 2.4.2 um strandsvæði (ST) er lagt til að stefna sveitarfélagsins verði að halda mannvirkjagerð í lágmarki og leiðir til þess eru m.a. að stuðla að viðhaldi vistkerfa og sjálfbærri nýtingu auðlinda.

Fram kemur á bls. 27 í greinargerð aðalskipulagstillögunnar: „Í Staðardagskrá 21 er mörkuð stefna fyrir strandsvæði og sett fram framkvæmdáætlun fyrir þau. Í framtíðarsýn fyrir strandsvæði er m.a. kveðið á um að ósnortnum strandsvæðum í Hvalfirði verði haldið þannig til framtíðar, að almenningi verði tryggður aðgangur að strandsvæðum að svo miklu leyti sem lög og reglugerðir heimila og að mengandi starfsemi verði á undanhaldi og mengunarvarnir verði með því besta sem þekkist í heiminum.“ Í forsendum og umhverfisskýrslu, bls. 28 segir að: „Stefna sveitarstjórnar er að standa vörð um þá sérstöðu og aðdráttarafli sem sveitarfélagið býr yfir og stuðla að varðveislu náttúru, sögu- og menningarminja.“

Landvernd bendir á, að líkt og í kafla um efnistökusvæði er ósamræmi á milli verndar og nýtingar. Sett eru fram þrjú strandsvæði í töflu á bls. 27: Hvalfjarðareyri, Búðasandur/Maríuhöfn og Brynjudalsvogur. Bæði Hvalfjarðareyri og Búðasandur eru merktir sem efnistökuastaðir í tillögum aðalskipulagsins.

Allt efnisnám er rask á umhverfi og er ekki sjálfbært ef náttúrulegum virkum ferlum er raskað vegna mikillar efnistöku. Það samræmist því hvorki stefnu um sjálfbæra nýtingu auðlinda né stefnu um að halda mannvirkjagerð á strandsvæðum í lágmarki.

## Búðasandur og efnistaka

Landvernd hefur borist ábending um að á síðustu áratugum hefur verið mikið malarnám á Búðasandi sem raskað hefur strandmyndunum á svæðinu. Þetta efnisnám getur haft ófyrirséðar afleiðingar á náttúrulega framvindu svæðisins í framtíðinni ef ekkert verður að gert.

Búðasandur er vogskorin strönd með sjávarkambi sem liggur á milli tveggja klettahálsa. Fyrir innan kambinn er grunnt lón sem úr fellur lækur til sjávar syðst á sandinum. Á Búðasandi eru að finna miklar minjar um mannvist, Hálsbúðir, sem voru friðlýstar 1975. Í rituðum heimildum frá 14. öld er Hvalfjörður oft nefndur vegna góðrar hafnaraðstæðna, m.a. Maríuhöfn við Búðasand, og einnig vegna þess hversu góðar samgöngur voru á þeim tíma úr Hvalfirði yfir á Þingvöll og Skálholt. Í Maríuhöfn barst Svarti dauði til landsins árið 1402. Mikil náttúra og saga eru því tengd svæðinu.

Charlotte Glatz, starfsnemi á Náttúrufræðistofnun Íslands, vann nýlega samanburð á loftmyndum Landmælinga Íslands og gervitunglamyndum (ESRI Image) af Búðasandi frá 1979 til 2016. Í þessari úttekt kom í ljós að efnisnám, sérstaklega eftir árið 2000, hefur verið það mikið að sjávarmölin hefur ekki náð að endurnýja sig og viðhalda sjávarkambinum. Út frá gefnum forsendum er varlega áætlað að árið 2016 sé horfin um 38.000 m<sup>3</sup> (eða um 30%) af allri möl ofan sjávarmáls miðað við sama svæði árið 1979 (sjá mynd 1 og meðfylgjandi greinargerð Glatz). Í dag eru greinilegar gryfjur á sandinum eftir efnistöku og komið er skarð í malarkambinn. Með því að sjávarmölin nær ekki að endurnýja jarðmyndanir á Búðasandi er búið að raska þeirri náttúrulegu vörn sem sjávarkamburinn hefur verið fyrir svæðið innan hans. Nú á sjór greiða leið inn á svæðið um skarð í sjávarkambinum og því er meiri hættu en áður á auknu strandrofi, sem gæti jafnframt stefnt merktum friðlýstum fornminjum svæðisins í hættu, fyrir utan að skerða verndargildi náttúrunnar á svæðinu sem er á náttúruminjasrá.

Jafnframt bendir Landvernd Kjósarhreppi á að samkvæmt 22. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 gildir, líkt og fram kemur á bls. 35 í greinargerð með aðalskipulagstillögu skal 100 m friðhelgað svæði fylgja friðlýstum fornleifum:

*„Fornleifum sem eru friðlýstar skal fylgja 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Hvers konar röskun, byggingarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á friðhelguðu svæði umhverfis friðlýstar fornleifar eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands. Friðhelgað svæði umhverfis aðrar fornleifar, sem ekki eru friðlýstar en njóta friðunar, skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið“. [Leturbreyting Landverndar].*

Á mynd 2, má sjá að svæðið á Búðasandi þar sem efnistaka hefur þegar farið fram virðist vera innan þessara 100 m frá hinum friðlýstu fornminjum. Landvernd beinir því til sveitarstjórnar að skoða áætlanir um efnistöku í þessu ljósi og hvort hún samrýmist þessu ákvæði laga um menningarminjar.

Eins og staðan er í dag er efnistaka á Búðasandi ekki sjálfbær nýting og áframhaldandi efnistaka á svæðinu gæti orsakað aukið strandrof og stefnt í hættu svæði á náttúruminjasrá og friðlýstum fornminjum. Áætlun um 60.000 m<sup>3</sup> efnistöku á svæðinu er næstum tvöfalt meira efnismagn en var varlega áætlað út frá loftmyndum að væri nú þegar horfið af svæðinu. Þá er áætlun um aukna efnistöku á Búðasandi í ósamræmi við stefnu Staðardagskrá 21 fyrir strandsvæði og framtíðarsýn um ósnortin strandsvæði til framtíðar (bls. 27 í greinargerð með aðalskipulagstillögu).

**Landvernd leggur til að allri efnistöku verði hætt nú þegar á Búðasandi.**



**Mynd 1.** Gervitunglamynd af Búðasandi tekin 5. september 2016. Malarnámið er mest innan við sjávarkambinn og sjór flæðir inn fyrir hann á flóði. (Mynd frá ESRI Image).



**Mynd 2.** Hundrað metra línur (gular og merkar 1 og 2) gróflega teiknaðar frá staðsetningu fornminja og út á Búðasand þar sem efnistaka hefur farið fram. Nauðsynlegt er að sveitarfélagið kanni frekar hvort að efnistakan stangist á við ákvæði um 100 m friðhelgt svæði utan friðlýstra fornminja, sbr. 22. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, þar sem gildir. Kort: Skjáskot af map.is, 27.11.2017.

Virðingarfyllt,

\_\_\_\_\_  
Lovísa Ásbjörnsdóttir,  
varaformaður Landverndar.